

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 337

apríl 2023



We Serve

Apríl 2023. Blað nr. 337

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109, Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.



Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.


Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir

Fjölumðæmisstjórn:



Kristófer Tómasson, fjölumðæmisstjóri. Kristófer er félagi í Lionsklúbbum Geysi. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: kristofer.tomasson@gmail.com



Viðir Guðmundsson, umdæmisstjóri í 109A. Viðir er félagi í Lionsklúbbum Garði og er með tölvupóstfangið viðir27@gmail.com



Sigurður Steingrímsson, umdæmisstjóri 109B. Sigurður er félagi í Lionsklúbbum Vitaðsgjafa í Eyjafjarðarsveit. Netfang Sigurðar er sigurdur.steingrims@simnet.is

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109 Starfsárið 2022 – 2023

Fjölumðæmisstjóri: Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

Umdæmisstjóri 109A: Viðir

Guðmundsson, Lkl. Garður

Umdæmisstjóri 109B: Sigurður

Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Vara fjölumðæmisstjóri: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Viðarr

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Kynningarstjóri: Niels Bjarki Finsen,

Lkl. Laugardals

Umhverfisstjóri: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir,

Lkl. Úa

GLT stjóri (menntun og leiðtoga-

þjálfun): Halldór Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

GMT/konur í Lions: Thelma

Kristinsdóttir, Lkl. Eden

GST stjóri: (verkefni) Bragi Ragnarsson,

Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóða-

stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparsjóðsstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Pálmi

Hannesson, Lkl. Garður

Laganevnd (form.): Björgúlfur

Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Laufey

Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Menningarstjóri: Sigfríð Andradóttir,

Lkl. Æsa

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Anna Blöndal

Lkl. Ylfa

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Laust

Varaumðæmisstjóri 109A: Friðrik A.

Hansen, Lkl. Fjörgyn

Varaumðæmisstjóri 109B: Baldur Ingi

Karlsson, Lkl. Hængur

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Inga

Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Arnar

Hrólfsón, Lkl. Bjarni

Frankvæmdastjórn Lions-

hreyfingarinnar 2022 – 2023:

Alþjóðaforseti Brian E. Sheehan,

United States;

Fyrverandi alþjóðaforseti Douglas X.

Alexander, United States; Vara

alþjóðaforseti, Dr. Patti Hill, Canada;

Annar vara alþjóðaforseti Fabricio

Oliveira, Brazil;

Þriðji vara alþjóðaforseti A.P. Singh,

India.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Elena Appiani, Italy;

K. Vamsidhar Babu, India;

Teresa Dineen, Ireland;

Pai-Hsiang Fang, China Taiwan;

Jeffrey R. Gans, United States;

Efren Ginard, Paraguay;

Je-Gil Goo, Korea;

Mats Granath, Sweden;

Ken Ibarra, United States;

Daisuke Kura, Japan;

Dr. Vinod Kumar Ladia, India;

Kenji Nagata, Japan;

Dr. Dianne J. Pitts, United States;

Allen Snider, Canada;

Ernesto Tijerina; deb Weaverling,

United States;

John W. Youney, United States.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Ben Apeland, United States;

Jitendra Kumar Singh Chauhan, India;

Barbara Grewe, Germany;

Jeff Changwei Huang, China;

Tim Irvine, Australia;

Ron Keller, United States;

Gye Oh Lee, Korea;

Robert K.Y. Lee, United States;

R. Mathanagopal, India;

Manoel Messias Mello, Brazil;

Jay Moughon, United States;

Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt;

Samir Abou Samra, Lebanon;

Pirkko Vihavainen, Finland;

Jürg Vogt, Switzerland;

Lee Vrieze, United States.

.Youney, United States.

Umbrot: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Alþjóðþingid í Boston –

samsætt mynd af ritstjóra.



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fimmta tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er eingöngu netblað en eins og ykkur er kunnugt er öll Lionsblöðin netblöð, bæði þau sem eru prentuð og þau sem ekki eru prentuð. Efni í blaðinu er frekar lítið að þessu sinni og er það því miður að verða venja í stað undantekningar. Ég held þó ótraudur áfram og vona að með hækkanði sól þá eigi þetta eftir að batna og félagar fari að taka við sér við skrif í blaðið. Ég fór fram á það við GMT teymið að fá greinar í þetta blað frá þeim og er ein grein frá Jóni Pálmasyri sem er GMT stjóri fjölumðæmisins þar sem hann er með tillögu að vinnuhóp. Grein sem allir ættu að lesa. Margar aðrar ágætis greinar eru í blaðinu og hvæt ég félagi til að lesa það.

Í næsta blaði þá fer ég fram á það við GST teymið okkar að það skrifi tvær í blaðið og segi í annarri greininni frá starfi sínu í teyminu og eins og venjan er að hin greinin verði frjálst það er efni hennar.

Að öðru leiti er efni þessa blaðs hefðbundnið, greinar frá klúbbum, minningar um látna féлага, greinar frá embættismönnum, sookallaðar skyldugreinar frá alþjóðastjórn ofl.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem sendu inn greinar í blaðið og eins til þeirra sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Nýjungar og þróun. Það eru okkar rætur

Pistill Alþjóðaforseta



Halló lionsfélagar
Árið 1917 safnaðist hópur sjálfstæðra félagsklúbba saman á La Salle hótelinu í miðborg Chicago. Þeir spurðu sjálfa sig hvort þeir ættu að sameinast um að hjálpa til í þeirra nágrenni. Á þeim tíma þótti það mjög mikil nýjung. Alþjóðlegar þjónustuhreyfingar áttu þá eftir að verða drifkraftur góðverka í heiminum. En með stofnun Alþjóðahreyfingu Lionsklúbba byrjaði algjörlega nýtt tímabil.

Litið til baka virðist það svo sjálfsagt, og þeir sem höfðu þegar tengst myndu aðstoða þá sem ekki höfðu gert það. En er þetta ekki svona með allar nýjungar? Þegar við lítum til baka virðist þetta hafa verið svona alla tíð.

Lionsfélagar, mér þykir gaman að heyra af þeim snjöllu, spennandi og stundum geggiuðu hugmyndum sem þið fáið. Ég veit að klúbburinn minn er ekki sá hinn sami og hann var þegar

þabbi minn var í honum og ég vona að hann haldi áfram að þróast langt eftir að ég er farinn.

Það er þannig sem við vöxum og það er þannig sem við höldum vöku okkar. Við tökum gamlar hugmyndir og gerum þær betri. Við látum þjónustu okkar endurspeglast í því sem nærsamfélagið þarfnast núna, ekki hvað það var fyrir hundrað árum. Við gerum þjónustu okkar betri. Við innleiðum nýjungar og við þróumst.

Höldum áfram góðum verkum Lionsfélagar. Mig hlakkar til að sjá allar þjónustulausnir ykkar.

Eigið öll góðan dag

Brian Sheehan

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson

Lionshreyfingin ætlar að sækja fram

Fjölumdæmisstjóri

Kristófer Tómasson

Lkl. Geysi og fjölumdæmisstjóri



Verkefnið sem bíða okkar í lionshreyfingunni er ótal mörg. Við þurfum að vera til staðar fyrir fólkið í landinu. Þar sem þörfin er, þar er hlutverk og skylda lionsfélaga að vera til staðar. Þar á ég annars vegar við þörfina fyrir hjálpanði

hendur og fjármagni. Hins vegar er þörfin fyrir góðan félagsskap.

Það er ekki valkostur að leggja árar í bát, slík er nauðsynin fyrir okkar starf og okkar verk. Vissulega hafa nokkrir lionsklúbbar í tímans rás verið lagðir niður. Það er gangur lífsins að fæðast og deyja, það á við lionsfélaga og í einhverjum tilfellum á það við um lionsklúbba. Engu að síður er mikið líf í mörgum klúbbum og tækifærin til að stofna nýja klúbba eru þarna úti. Það er spurning um að fanga tækifærin og fanga fólk sem við sjáum fyrir okkur að eigi heima í okkar góða félagsskap. Það kostar ekki mikla vinnu að stofna lionsklúbb ef viljinn er til staðar. Sá sem þetta ritar hefur reynslu af slíkum verkefnum. Það er mjög gefandi að sjá lionsklúbb fæðast sérstaklega ef maður á þátt í því. Það er einnig gefandi að sjá lionsfélaga blómstra í starfi klúbba hvort sem þeir eru nýir eða eldri. Í því sveitarfélagi sem ég bý höfum við átt því láni að fagna að tveir öflugir klúbbar eru starfandi og fara þeir báðir stækkandi. Um 6,7% íbúa eru meðlimir klúbbanna. Hvað veldur þessari

velgengi er að mínu mati vellíðan félaga í klúbbunum og fjölbreytni í störfum og verkefnum klúbbanna. Á komandi misserum hef ég mikinn áhuga á að verja kröftum í að efla starf lionsklúbbanna í landinu. Ég hef boðist til að vera Félagastjóra hreyfingarinnar til aðstoðar í slíkum verkefnum.

Ég efast ekki um að möguleikar eru miklir til að sækja fram og gera lionshreyfinguna meira gildandi en verið hefur.

Með góðum óskum og munið að með samheldni vinnum við sigra.

Kristófer Tómasson félagi í Lionsklúbbnum Geysi og fjölumdæmisstjóri 2022-2023



Skilafrestur á efni í næsta blað er 25. maí

Netstjóri Lions á Íslandi

Á síðasta ári var ég beðin um að taka að mér að vera Netstjóri starfsárið 2022-2023. Eins og okkur er kennt í Leiðtogaskóla Lions, þá er um að gera að segja sem oftast JÁ þegar til okkar er leitað. Ég svaraði því reyndar til að ég væri til að taka þetta að mér í eitt ár meðan Sigurður Steingrímsson, sem hefur verið Netstjóri svo lengi sem ég þekki til, sinnir sínu starfi sem umdæmisstjóri. Ég hafði verið netfulltrúi umdæmis 109B í nokkur ár og þá undir handleiðslu Sigurðar.

Hvert er hlutverk Netstjóra?

- Að sjá um skipulag á innri vef heimasíðu Lions á Íslandi www.lions.is
- Að sjá um heimasíðu Lions á Íslandi hvað tæknimál varðar
- Að sjá um og sjá til þess að fréttir af starfi hreyfingarinnar fari inn á heimasíðuna
- Að sjá um að uppfæra þær upplýsingar sem á síðunni eru og bæta við nýjum
- Að vinna að því að sem flest skjöl hreyfingarinnar, þ.m.t. lög, reglugerðir og námskeið verði aðgengileg fyrir Lionsfélaga
- Að vinna með kynningarstjóra og ritstjóra hreyfingarinnar að kynningu á Lions á Íslandi
- Að vera í góðri samvinnu við fulltrúa málaflokksins í umdæmunum.
Einnig er góð samvinna við Lionsskrifstofuna.

Netfulltrúar starfsársið 2022-2023:

Inga Lóa Steinarsdóttir netfulltrúi umdæmis 109A, Lkl.Freyja Keflavík


Sigríður Guðrún Friðriksdóttir netfulltrúi umdæmis 109B, Lkl.Sif Eyjafjarðarsveit

Höfum við unnið vel saman í vetur og kann ég þeim bestu þakkir fyrir samstarfið.

Er þörf á breytingum á heimasíðunni?

Nokkuð hefur verið rætt hvort þörf sé á að fá fagfólk til að rýna í og vinna við netsíðuna.

Monthly history



Month	Unique visitors	Number of visits	Pages	Hits	Bandwidth
Jan 2022	1,698	3,527	12,463	67,058	8.25 GB
Feb 2022	1,367	2,476	8,986	60,322	6.42 GB
Mar 2022	2,073	3,506	12,398	93,791	8.36 GB
Apr 2022	1,778	3,084	11,065	77,758	6.87 GB
May 2022	1,435	2,602	11,002	72,393	7.35 GB
Jun 2022	1,034	1,651	5,299	34,951	4.46 GB
Jul 2022	977	1,533	4,923	27,132	2.82 GB
Aug 2022	1,094	1,915	6,733	40,584	3.61 GB
Sep 2022	1,292	2,462	13,327	72,739	9.23 GB
Oct 2022	2,039	3,344	11,675	78,952	7.25 GB
Nov 2022	2,530	3,862	17,809	97,850	8.65 GB
Dec 2022	1,682	2,582	8,963	69,671	9.11 GB
Total	18,999	32,544	124,643	793,201	82.38 GB

Vissulega er öll aðstoð og allar ábendingar um hvað má betur fara, kærkomin. Við erum jú öll hluti af hreyfingunni og okkar álit skiptir máli.

Er einhver umferð um heimasíðuna okkar?

Hér má sjá yfirlit yfir heimsóknir inn á heimasíðuna www.lions.is per mánuð, árið 2022:

Greinilegt er að fæstir skoða og vinna við síðuna í júlí enda liggur starfið að mestu leiti niðri á þeim tíma a.m.k. hér á Íslandi.

Getum við aukið umferðina þangað inn? Eru félagarnir að nýta sér þær upplýsingar sem þar má finna? Vita félagarnir almennt af síðunni? Er erfitt að finna upplýsingar á síðunni? Hvernig getum við gert síðuna betri/áhugaverðari? Þessum spurningum og fleirum

er gott að velta upp reglulega og reyna stöðugt að vinna með þær.

Að lokum langar mig að þakka þeim sem hafa haft samband, komið með ábendingar, sent inn efni og annað á starfsárinu og að hafa treyst mér fyrir embættinu. Árið er þó ekki búið, því líkur ekki fyrr en 1.júlí og vil ég því hvetja ykkur til að leggja ykkar að mörkum og senda inn efni, upplýsingar og það sem þarf til að halda síðunni sem mest lifandi.

Sigríður Guðmundsdóttir
Netstjóri MD109

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. <https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lionsþing á Akureyri 19. – 21. maí 2023

Lækkun þinggjalds og þingfararstyrkur

Stefán Árnason

Gjaldkeri Lkl. á Íslandi



Breytt kostnaðarskipting og aukin kostnaðarþáttaka fjölumðæmisins í fjölumðæmisþingi.

Í lok síðasta starfsárs var skipuð nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögu að breyttri kostnaðarskiptingu og aukinni kostnaðarþáttöku fjölumðæmisins í fjölumðæmisþingi.

Einnig var nefndinni falið að skoða mögulegar breytingar á dagskrá fjölumðæmis- og umdæmisþinganna.

Í nefndina voru skipuð: Andri Örn Víðisson, Anna Blöndal, Inga Lóa Steinarsdóttir og Stefán Árnason. Með nefndinni starfaði Kristinn Hannesson.

Rekstur hreyfingarinnar undanfarin ár gerir okkur mögulegt að auka þátttöku fjölumðæmisins í þingkostnaði og styrkja klúbba til þátttöku í þinginu. Kostnaður fjölumðæmisins við þinghaldið 2022 var um kr. 2.700.000.-.

Tillögur nefndarinnar hvað varðar þingkostnað voru samþykktar á fundi fjölumðæmisráðs 24. september 2022.

Nefndin gerir tillögu um að lionshreyfingin leggi fram fjármuni í þingsjóð kr. 5.500.000.- fyrir yfirstandandi rekstrarár.

Þingsjóðnum er ætlað að:

- greiða kostnað vegna embættismanna og sérstakra gesta þingsins samkvæmt lista sem samþykktur er af fjölumðæmisráði ár hvert.
- styrkja klúbba sem eru í meira en 150 km fjarlægð frá þingstað, vegna dvalar- og ferðakostnaðar við að sækja þing.

Verkefni þinghaldara verður eins og áður að sjá um þinghaldið þ.e. að húsnæði og að öll aðstaða sé til staðar fyrir alla viðburði þingsins.

Lögð er áhersla á að aðstaðan sé góð, yfirbragð þingsins glæsilegt og að vel fari um alla gesti þingsins. Kostnaði skal ávallt haldið í lágmarki. Þinggjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við húsnæði og aðstöðu.

Með þessum breytingum mun þinggjald sem áætlað var kr. 12.400.-lækka og verður kr. 5.000.- á þinginu 2023. Greiddur verður ferða- og dvalastyrkur til kjörinna þingfulltrúa sem sitja þingið og búa í meira en 150 km fjarlægð frá þingstað. Áætluð styrkupp hæð er kr. 18.000.-

Þingið 2023 verður haldið á Akureyri 19. – 21. maí. Vonir standa til þess að þessar breytingar verði til þess að lionsfélagar alls staðar af landinu sjái sér fært að mæta og njóta þeirra gleði sem ávallt einkennir þinghaldið. Kynningarkvöldin eru vinsæl og verður það að þessu sinni haldið í Íþróttahöllinni 21. maí. Uppskerhátið Lions verður síðan haldinn í Íþróttahöllinni laugardagskvöldið 22. maí.

Þingnefnd hvetur lionsfólk alls staðar að af landinu, til að mæta til Akureyrar 19. – 21. maí n.k. og njóta samveru við annað lionsfólk, ef að líkum lætur, í yndislegri vorblíðu.

Minning +

Gunnar Hans Pálsson – f. 17. des. 1935 - d. 2. mars 2023



Fallinn er nú frá öðlingurinn Gunnar Hans Pálsson, stofnfélagi í Lionsklúbbi Seltjarnarness 1983.

Hann var Melvin Jones félagi 1993 og Lionsfélagi fyrsta áratugarins hjá Lionsklúbbi Seltjarnarness á tíu ára afmæli klúbbsins.

Hann var einstaklega dagfarsprúður og búngóður. Tók öll verkefni að sér sem hann var beðinn um og leysti þau með stakri þrjúði.

Ég kynntist fyrst Gunnari er Verslunin Ellingsen var að byggja í Ánanaustum. Hann kom að því verki með sína verkfræðistofu Önn, var einstakur fagmaður í öllu sem

hann kom nálagt, allt gert fumlaut og að mikilli natni. Í framhaldi af þessum kynnum fékk ég hann til að koma til liðs við okkur og gerast stofnfélagi í Lionsklúbbi Seltjarnarness.

Það var mikill happafengur fyrir okkur að fá hann til liðs við okkur, með 100% mætingu alla tíð og einstaklega mikill félagi og gekk til allra verka sem honum var falið, ekki síður mjög úrræða góður og kom með margar tillögur hvernig mætti leysa úr verkefnum sem klúbburinn tók sér fyrir hendur.

Gunnars verður sárt saknað, blessuð sé minning hans. Við sendum Sesselju og fjölskyldu þeirra okkar bestu samúðarkveðjur

*f.h. Lionsklúbbs Seltjarnarness
Steingrímur Ellingsen,
stjórnarmaður í fyrstu stjórn Lionsklúbbs Seltjarnarness.*

Fréttir frá LCIF teyminu

Kæru Lions félagar
Pann 25. mars síðastliðinn boðaði LCIF teymi MD109 til opins netfundar um málefni Alþjóða hjálparstöðs Lionshreyfingarinnar. Öllum Lionsfélögum var boðið að taka þátt í fundinum. Hann var tímasettur knappt eða 1 klst og 15 mínútur.

Fjögur erindi voru á dagskrá þ.e. fréttir af erlendum vettvangi og síðan kynning á tveimur verkefnum klúbba. Halldór Kristjánsson tók síðan upprifjun á gildi viðurkenninga í starfi okkar lionsfélaga. Við þökkum þeim sem gáfu sér tíma til að taka þátt í fundinum og bestu þakkir til þeirra, sem gáfu tíma sinn og orku til að búa fróðlegar og skemmtilegar kynningar í máli og myndum.

Guðrún Björt byrjaði á fréttum af erlendum vettvangi og sagði frá því magnaða starfi sem unnið er í gegnum Alþjóðahjálparstöðinn til hjálpar þar sem neyðin er mest og til að bæta líf, heilsu og vellíðan fólks og þá ekki síst barna um allan heim. Laufey Jóhannsdóttir Lionsklúbbum Eik sagði frá verkefninu Börn á flóttu. Snæbjörn Sigurðarsson og Hængsmenn buðu síðan í göngu til Úkraínu. Hver nýtur þess ekki að gerast auka amma fyrir barn á flóttu eða skokka til Úkraínu með góðum félögum og hundi.



Bæði þessi verkefni eru hugsuð út fyrir boxið og virkja bæði lionsfélaga, fólk, fyrirtæki og stofnanir utan hreyfingarinnar með í verkefnið. Gefa fleirum kost á að leggjast á árar með okkur í þeim mikilvægu verkefnum sem við stöndum fyrir bæði innan lands og utan með aðkomu Alþjóðahjálparstöðsins á mismunandi hátt. Eikarverkefnið fékk endurgreiðslu frá LCIF vegna fyrri framlaga, Hængsverkefnið endaði með styrk til LCIF.



Þar sem fáir tóku þátt í fundinum bendum við á eftirfarandi hlekk á fésbókarsíðunni Lions mál fyrir upptöku af fundinum. <https://youtu.be/0rQG1icXXv8>

Minning + Eðvald Jóhannsson



Eðvald Jóhannsson fæddist 25. apríl 1943 á Þrándarstöðum í Eiðapinghá, elstur 11 systkina. Hann tók snemma þátt í bústörfum með foreldrum sínum og systkinum og ungur fór hann að vinna á ýmsum tækjum. Stofnaði svo eigin rekstur og fjárfesti í vörubíl sem hann átti í fjölda ára. Einnig vann hann við byggingarvinnu, bílaviðgerðir, sjómennsku, línulagnir og starfaði einnig sem bílasali og á bensínstöð.

Eðvald kvæntist árið 1965, Vilborgu Vilhjálmisdóttur frá Möðrudal, og bjuggu þau lengst af á Egilsstöðum við mikið barnalán

Eðvald og Vilborg fluttu um tíma til Noregs þar sem þau unnu ýmis störf. Þegar börnin voru uppkomin byggðu þau hjónin Randaberg í landi Eyvindarár, þar ráku þau ferðabjónustu um árabíl en fluttu árið 2013 aftur inn í Egilsstaði.

Mörgu mætu fólki hef ég kynnst á langri ævi. Í þeim hópi ber hátt öðlingsmanninn Eðvald Jóhannsson. Eðvald fékk í vöggugjöf gott veganesti og væntanlega hefur uppeldið átt þátt í að móta þessa

heilsteyptu og á margan hátt heillandi skapgerð hans og framkomu. Hann var líka einstakt glæsímenni í útliti og framgöngu allri.

Eðvald var gláðsinna, jákvæður og lausnamiðaður. Að greiða úr málum á átakalausán hátt var honum svo lagið. Greiðvikni og einstök hjálpssemi einkenndi hann einnig.

Eðvald sagði einstaklega vel frá og var lagið að létta andrúmsloftið í kringum sig hvar sem hann var nálægur. Auk léttu lundarinnar og geðþrýði þá var hann gæddur mikilli útsjónarsemi, verklagni, hagleik og smekkvísi. „Það lék allt í höndunum á honum“ eins og sagt er. Varla hef ég kynnst fjölhæfari manni.

Það var gæfa okkar í Lionsklúbbum Múla á Fljótsdalshéraði að fá Eðvald sem einn stofnfélaga klúbbsins árið 1970.

Margvíslega þjónusta Eðvalds fyrir klúbbinn og á vegum hans er þökkuð. Margir muna t.d. eftir akstri hans á útfararþreid klúbbsins sem hann sinnti í sjálfbodavinnu árum saman.

Syrjandi eiginkonu og börnum og öðrum ástvinum bið ég blessunar Guðs, huggunar og styrks.

F.h. Lionsklúbbsins Múla
Vigfús Ingvar Ingvarsson

Fræðsluteymi (GLT) á Íslandi

Haldór Kristjánsson

LCIP, GLT MD109



Auki vægi fræðslu í starfi Lions

Fræðslumálin hafa gengið vel það sem af árinu 2022- 2023. Haldin hafa verið almenn námskeið, námskeið fyrir klúbba og Leiðtoga-skóli Lions haldinn helgina 17.-19. febrúar.

Almenn námskeið

Haldin hafa verið almenn námskeið í Reykjavík og á Akureyri. Ritaranámskeið var haldið í Lionsheimilinu í september þar sem farið var yfir skýrslugerð og helstu verkefni ritara og kennd notkun MyLCI og MyLion. Námskeiðið Allt um Lions, sem ætlað eru nýjum félögum og þeim sem vilja læra meira um Lions, var haldið í Lionsheimilinu og á Akureyri laugardaginn 5. nóvember. Námskeið fyrir siðameistara og ritaranámskeið voru haldin á Akureyri þann sama dag. Öll þessi námskeið voru vel sótt. Á vormisseri er áætlað að halda fleiri almenn námskeið bæði á Akureyri og í Lionsheimilinu.

Námskeið í klúbbum og á svæðum

Að ósk klúbba og svæða hafa verið haldin fræðsluerindi og námskeið á starfsárinu.

Námskeið um Innleiðingu breytinga var haldið fyrir Lionsklúbbinn Engey í Kringlukránni. Var góður rómur gerður að efni námskeiðsins og margs spurt. Lionsklúbburinn Muninn hélt kynningarfund til að afla nýrra félaga og á dagskrá var námskeið um Lionsshreyfinguna, hvernig hún er uppbyggð, helstu verkefni og þá áherslu sem lögð er á að starfið sé skemmtilegt og gefandi.

Í janúar var haldið námskeið í Skátaheimilinu í Keflavík þar sem mættir voru 36 félagar af Suðurnesjunum til að hlusta á og taka þátt í námskeiðinu Allt um Lions. Vel heppnað og skemmtilegt námskeið. Um svipað leiti var haldið námskeið í Lionsheimilinu fyrir Lionsklúbbinn Æsu um Öflugt hópstarf. Vel var mætt og góðar undirtektir við efni námskeiðsins.

Leiðtogaskólinn (RLLI)

Leiðtogaskólinn var haldinn í Lionsheimilinu dagana 17.-19. febrúar. 22 sátu allt námskeiðið og luku því með útskrift. Þetta var í fyrsta sinn sem við höfum haldið Leiðtogaskólann í Lionssalnum. Var salurinn þannig útbúinn að auk þess sem rúmt var um þátttakendur, sem unnu í 6 hópum, þá var matast við langborð aftast í salnum. Rúmaðist námskeiðið vel með þessu fyrirkomulagi en ef fleiri hefðu tekið þátt hefði þurft að fara með hádegismatinn annað.

Kennt var frá klukkan 9:00-17:00 tvo fyrri dagana en hætt kl. 16:00 á sunnudeginum. Nemendur voru útskrifaðir formlega með skírteini frá LCI og að venju var tekin mynd af hópnum að loknu námi.

Mikil ánægja var hjá þátttakendum og kennurum með aðstöðuna og námskeiðið sjálft og staðfest að salurinn hentar vel til að halda lengri og skemmri námskeið.

Umfangsmikið fræðslustarf

Auk þess sem að framan er talið er gert ráð fyrir að á síðari hluta starfsársins verði boðin námskeiðin Allt um Lions fyrir nýliða, námskeið um innleiðingu breytinga, námskeið

um markmiðasetningu og tímastjórnun auk þess sem félagastjóri hyggst bjóða námskeið um félagamál.

Einnig verða í boði námskeið fyrir verðandi umdæmisstjóra og varaumdæmisstjóra á vormisserinu en verðandi umdæmisstjórar hafa lokið mörgum námskeiðum á netinu og setið 4 daga skóla í St. Charles í Illinois ríki í Bandaríkjunum.

LCIF teymið hélt mjög áhugaverðan fræðslufund laugardaginn 26. mars á netinu sem var vel sóttur. Þetta form reyndist vel og er stefnt að því að bjóða fleiri slíka fræðslufundi á laugardögum til vors, m.a. um skráningu nýrra stjórna á MyLCI.

Fram undan er breytt fyrirkomulag námskeiða á Lionsþinginu en ákveðið hefur verið að stytta þann tíma sem er fyrir námskeiðin fyrir formenn, ritara, gjaldkera og svæðisstjóra en bæta við fræðsluerindi sem ætlað er fyrir alla þingfulltrúa. Þá verður líka í boði námskeiðið, Að vera maki Lionsfélaga, sem var mjög vel sótt á þinginu í Hveragerði árið 2022.

Nýtt kerfi fyrir utanumhald félaga og skýrslugerð verður tekið í notkun í byrjun sumars og þarf að þjálfa ritara í notkun þess næsta haust þar sem það verður ekki aðgengilegt fyrir þingið. Þetta nýja kerfi mun verða mikil endurbót á því hvernig haldið er utan um klúbba, félagar og alla skýrslugerð.

Þá er á dagskrá að vera með upprifjunar-námskeið fyrir formenn, ritara og svæðisstjóra í upphafi starfsársins 2023-2024.

Starf GLT stjóra felst einnig í því að sækja (net-) fundi GAT teymis Norðurlandanna og Evrópu og að taka þátt í fjölþjóðlegu starfi að öðru leyti. Þá er mikið samstarf við GLT fulltrúa umdæmanna sem sinna fjölbreyttri þjónustu við klúbba og svæði umdæmanna.

Hafnarfirði 31. mars 2023,

Haldór Kristjánsson, LCIP, GLT MD109

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Skýrsla LCIF teymis Lions á Íslandi

Undanfarin ár skipuðu Kristinn Hannesson, Kristín Porfinnsdóttir og Benjamín Jósefsson LCIF teymi Lions á Íslandi. Þau stóðu sig afar vel og náðu árangri sem eftir hefur verið tekið víða í Lionsheiminum. Það var því spennandi áskorun fyrir okkur að taka við verkefninu. Við ákváðum strax að vinna þétt saman og höfum fundað reglulega og unnið ötullega að málefnum sjóðsins. Það þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi Alþjóðahjálparsjóðsins og það er einfaldlega þannig að alltaf er hægt að læra nýja hluti um verkefni sjóðsins og þá möguleika sem hann veitir Lionsfélögum við að sinna verkefnum um allan heim.

Tilgangur Alþjóðahjálparsjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að styrkja, Lionsklúbba, sjálfbodaliða og samstarfsaðila til að bæta heilsu og vellíðan, styrkja samfélög og styðja við þá sem eru hjálparþurfi í gegn um mannúðarstörf og styrki sem hafa áhrif á líf fólks um allan heim auk þess að stuðla að friði og samtakamætti.

Á undanförunum árum hafa fjárframlög frá Alþjóðahjálparsjóðnum verið usd. 40.000.000. árlega.

Markmið starfsársins 2022-2023

Campaign 100 áttakinu lauk í lok síðasta starfsárs og því ekki laust við að hætta væri á að ákveðið tómarúm myndi myndast eftir ágæta þátttöku Lionsfélaga í því átaki. Með

nýju fólki koma nýjar áherslur og settum við okkur eftirfarandi áherslur fyrir starfsárið:

- 1) Að framlög okkar færu til verkefna tengdum neyðaraðstoð og náttúruhamfara.
- 2) Sérstök áhersla á stuðning við fórnarlömb Úkraínustríðsins.
- 3) Að framlög frá okkur miðuðust við 7.500 kr á hvern féлага.
- 4) Að teymið héldi viðburð seinni hluta starfsársins.
- 5) Að bjóða upp á kynningar fyrir klúbba og svæði, skrifa í Lionsblaðið og hvetja féлага með sendingum í tölvupósti.

Starf ársins

Teymið hefur skrifað greinar í öll Lionsblöð ársins, við höfum sent hvatningar og styrktarbeiðnir bæði á alla Lionsklúbba og féлага, við höldum opinn netfund 25. mars sem tókst vel. Við tókum þátt í námskeiði í Kaupmannahöfn í október og þannig mætti lengi telja. Það fylgja töluverð erlend samskipti þessum störfum og höfum við tekið þátt í þeim og sinnt eftir bestu getu. Meðlimir teymisins hafa farið á svæðisfundum og í nokkrar klúbbaheimsóknir, við það skapast oft góðar samræður sem munu skila árangri síðar meir.

Modelklúbbar

Í Campaign 100 áttakinu lofuðu 16 klúbbar ákveðnu framlagi og urðu því Modelklúbbar. Nú þegar hafa 12 þeirra klárað sínar

skuldbindingar en 4 eiga eftir að ljúka við sín framlög. Þessi framlög telja með framlögum þessa árs.

Hvernig hefur gengið

Upplýsingar frá sjóðnum um stöðu framlaga berast mánaðarlega og sýna þær framlög sem hafa borist a.m.k. 20 dögum áður. Það er því rétt að benda klúbbum á að þau framlög sem leggja á til sjóðsins þetta starfsárið þurfa helst að berast lionsskrifstofunni um mánaðarmótin maí/júní. Nýjustu tölur gefa til kynna að framlög ársins séu heldur lægri miðað við sama tíma í fyrra og þurfum við því að taka höndum saman og efla framlög til sjóðsins. Það væri gaman að ná því aftur að allir klúbbar gefi til sjóðsins!

Lokaorð

Á fjöllumdæmisþinginu á Akureyri í vor verðum við með meira af tölulegum upplýsingum um stöðu framlaga, við vitum sem er að flestir klúbbar veita úr verkefna- og líknarsjóðum í lok starfsársins.

Munum eftir sjóðnum okkar!

Anna F. Blöndal

Björn Guðmundsson

Geirþrúður F. Bogadóttir

Minning +

Hrafnhildur Gunnarsdóttir – f. 17.11.1935 d. 9.03.2023



Hrafnhildur Gunnarsdóttir hefur nú kvatt þennan heim. Hún lést á hjúkrunarheimilinu á Nesvöllum í Reykjanesbæ þann 19. mars 2023. Hrafnhildur var gift Eiríki Ólafssyni sem lést árið 2019. Þau hjón eignuðust fjögur börn og bjuggu allan sinn búskap í Keflavík.

Hrafnhildur var félagslind og hress kona. Hún gekk í Lionessklúbb Keflavíkur 13. nóvember 1984, sem síðar varð Lionsklúbburinn Freyja. Í

Lionessklúbbum gegndi hún mörgum mikilvægum störfum fyrir Lions var formaður árin 1996-1997 var gjaldkeri árin 2006-2007, ásamt fjölmörgum störfum í nefndum, svo sem Góugleði, Jólakransavinnu og

ýmsu. Hún mætti alltaf vel á fundi og tók oftast þátt í ferðalögum okkar Lionskvenna, bæði innanlands og til útlanda.

Við söknum nú góðrar vinkonu með þakklæti fyrir margar góðar og skemmtilegar samverustundir.

Þegar lífsins leiðir skilja læðist sorg að hugum manna.

En, þá sálir alltaf finna

yl frá geislum minninganna.

Við sendum börnum hennar og fjölskyldu innilegar samúðarkveðjur.

Megi góður guð gefa ykkur styrk í sorginni.

Hvildu í guðs friði.

Lionsklúbburinn Freyja, Keflavík.

Hulda Árnadóttir, Eydís B. Eyjólfadóttir og Inga Guðmundsdóttir

LCIF - Annað heimili

Bygging á iðnskóla fyrir heyrnarlausu

Höfundur: Elizabeth Edwards



Hjá mörgum nemendum í Brasilíu er heyrnarlausra skólinn í Medianeira orðið samheiti fyrir von. Þeir eru tilbúnir að ferðast um hið víðfeðma land sitt til að vera á stað þar sem þeim líður eins og einn nemandi orðaði það eins og „annað heimili“ mitt.

Því miður á fólk með heyrnarleysi og aðra heyrnarskerðingu oft í erfiðleikum með að fá hágæða menntun og örugg störf til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum. Með þennan veruleika í huga hóf Associação Medianeirense de Surdos e Fissurados (AMESFI) að vinna með samfélagi heyrnarlausra árið 1995, þegar þeir opnuðu skóla fyrir heyrnarlausu til að þjóna börnum á öllum aldri. Fyrir utan hefðbundna skólagöngu kennir AMESFI einnig LIBRAS, brasilíska táknmálið, túlkum og öðrum meðlimum samfélagsins til að auka möguleika heyrnarlausra nemenda á að komast inn í opinbera skólakerfið. AMESFI starfaði þegar í samstarfi við Lions í Paraná fylki og hefur nú verið í samstarfi við Lions Clubs International Foundation (LCIF) til að skapa atvinnutækifæri fyrir fólk með heyrnarskerðingu.

Með US\$75.000 jöfnunarstyrk frá LCIF byggðu Lionsklúbbar í Medianeira og Lionsklúbbar Medianeira Parque Iguacu nýja aðstöðu sem var byggð fyrir starfsþjálfun með AMESFI. LCIF styrkur þeirra gerði tveggja hæða bygginguna mögulega, rými sem þjónar nú yfir 100.000 nemendum á aldrinum 14 til 25 ára á hverju ári. Í þessari aðstöðu byrja nemendur með hæfnis- og áhugaprófum til að leiðbeina starfsframa sínum. Að auki fá nemendur þjálfun í atvinnuleit og sækja námskeið hjá staðbundnum fyrirtækjum, sem sum hver eru í eigu og mönnum af Lions á staðnum.

„Iðnskólinn leitast við að tryggja réttinn til menntunar, heilsu, þátttöku á vinnumarkaði og horfur á betri framtíð fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra,“ segir Sirlei Bittencourt Pinheiro Brod, forseti AMESFI og ritari Lions Clubs Medianeria Parque. Iguacu.

Þar sem margir kennaranna útskrifuðust úr AMESFI náminu skilja þeir til fulls væntingar nemenda sinna og hafa það samhengi sem nauðsynlegt er til að byggja upp þekkingu nemenda á þann hátt að þeir geti tekið þátt í samfélaginu með farsælum hætti. Hingað til hafa styrktar dollararnir sem LCIF fjárfesti í þessu samstarfi mótað umtalsverðan árangur fyrir nemendur, þar á meðal aukið starfshæfni, tækifæri til faglegrar menntunar, styrkt sjálfsálit, fjárhagslegt sjálfræði og bætt félagsmótun.

„Það er ekki hægt að mæla það að vera hluti af einhverju sem hefur veruleg áhrif á líf allra sem eru heyrnarlausir eða heyrnarskerdir,“ segir Brod.

Með þessari heildrænu áætlun sem einbeitti sér að menntun og atvinnutækifærum, bjuggu AMESFI og Lions í Paraná fylki heimili fyrir heyrnarlausu samfélag, sem byggir upp sjálfstraust og færni; einn sem tengir heyrnarlausu nemendur við tækifæri til að tryggja framtíð sína.

Lærðu meira um hvernig samsvörunarstyrkir LCIF geta styrkt þjónustu þína með því að fara inn á eftirfarandi slóð: <https://www.lionsclubs.org/en/start-our-approach/grant-types/matching-grants>

Þýðing: Þorkell Cýrusson





Framkvæmdastjóri FÍB gestur Fjölnismanna



Fundur var haldinn í Lkl Fjölni þriðjudaginn 14. mars s.l. Góð mæting var, eða alls 15 félagar auk tveggja gesta og ræðumanns, enda búið að tilkynna mönnum að við fengjum góðan gest sem fyrirlesara. Gesturinn var Runólfur Ólafsson, framkv.stjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Hann var boðinn velkominn með lófaklappi fundarmanna.

Að loknum snæðingi á ljúffengum Snitsel með öllu tilheyrandi, steig Runólfur í pontu og flutti afar fróðlegan fyrirlestur um stöðu mála varðandi rafbílavæðinguna og framtíðina hvað varðar brunahreyfilinn hefðbundna. Umræður eftir fyrirlesturinn urðu líflegar og fékk Runólfur margar spurningar sem hann svarði greiðlega.



Krýsuvíkursamtökin fá nýjar rúmdýnur frá Fjölni

Lionsklúbburinn Fjölnir hefur um langt árabíl styrkt meðferðarstarfið í Krýsuvík með myndarlegum hætti.

Eins og vænta mátti hefur þó riðlaðast takturinn í þessum málum síðastliðin þrjú ár meðan covidfaraldurinn gekk yfir. Var því ákveðið að fara í heimsókn í Krýsuvík á haustdögum 2022 og fara yfir stöðu mála og þá með það í huga hvað þyrfti helst að gera til að bæta hag heimilisins og þeirra sem þar dvelja til lengri eða skemmri tíma. Alls tóku átta Fjölnismenn þátt í ferðinni. Í Krýsuvík tóku á móti okkur Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri, ásamt nokkrum ráðgjöfum Krýsuvíkur.

Leiddu þeir okkur um húsið og fóru yfir starfsemina. Að því loknu var boðið í dýrindis kaffi og heimbakað rabarbarapæ með þeyttum rjóma.

Var skeggrætt fram og aftur um málefni meðferðarinnar og bar margt á góma. Niðurstaðan varð sú að það sem væri mest aðkallandi er endurnýjun á rúmdýnum í þeim 24 rúmum sem nú eru í notkun í meðferðinni í Krýsuvík. Þær dýnur sem notast hefur verið við eru orðnar gamlar og úr sér gengnar.

Fjölnismenn hófust þegar handa við verkið. Var haft samband við fyrirtækið RB RÚM á Dalshrauni 8 í Hafnarfirði, en það fyrirtæki hefur um áratugaskeið framleitt vandaðar rúmdýnur. Fengu Fjölnismenn afar gott tilboð í þessar 24 dýnur, þar sem veittur var verulegur afsláttur til þessa góða málstaðar. Kunnum við Fjölnismenn forráðamönnum RB RÚMA hinar bestu þakkir fyrir liðsinnið.

Og fleiri lögðu hönd á plóginn. Það þurfti auðvitað að koma dýnunum til Krýsuvíkur og þangað er jú talsvert ferðalag. Þá komu forráðamenn akstursdeildar Húsasmiðjunnar til skjalanna og lögðu til flottan sendibíl til verksins, án alls kostnaðar fyrir Krýsuvíkursamtökin, en bílinn má sjá á meðfylgjandi myndum. Hann Þorbergur Grétar Helgason, bílstjóri hjá akstursdeild Húsasmiðjunnar, gaf svo fúslega sitt vinnuframlag.



Myndin að ofan, frá vinstri: Baldvin G. Heimisson, ritari Lkl Fjölnis, tekur formlega við rúmdýnunum úr hendi Sigmars Páls Egilssonar, framko.stjóra RB RÚMA. Til hægri við Sigmar stendur Bjarki Þór, Fjölnismaður.


Myndin að neðan: Mættir í Krýsuvík og verið er að afferma RB dýnurnar úr Húsasmiðjubilnum.

Neðsta myndin: Vaskur hópur að loknu verki, t.f.v. Bjarki Þór, Fjölnismaður, Þorbergur Grétar Helgason frá akstursdeild Húsasmiðjunnar, Halldór Sævar, Fjölnismaður og Baldvin G. Heimisson, ritari Lkl Fjölnis.





Lionsklúbbarnir Ægir og Fjölur með glæsilegt og velheppnað Kútmagakvöld 2023!





Lionsklúbbur Grindavíkur

Urðum alveg óvart fyrirmynd Lionsklúbba úti í heimi



Veislugestir á Kúttmagakvöldi.



Bandarískir Lionsmenn með fána klúbbsins.

Góð virkni er í Lionsklúbb Grindavíkur, fundir eru 2 í mánuði, frá september fram í maí, til skiptis hefðbundnir- eða ferðafundir. Okkar helstu fjáraflanir eru Sviðamessa, aðstoð við Jólasveina, auk okkar vel þekkta „Kúttmagakvölds“

Á fyrri febrúarfundinum urðum við þess heiðurs aðnjótandi að þar mættu tveir bandarískir Lionsmenn. Þeir urðu vitni að styrkveitingu okkar vegna jarðskjálftana sem riðu yfir Tyrkland og Sýrland, deginum áður. Þessir Bandaríkjamenn hrifust svo af okkar snöggum viðbrögðum, að þeir létu það verða sitt fyrsta verk við heimkomuna, að fá sína klúbba til að jafna 4.000 dollara framlagi okkar til alþjóðahjálparstöðsins LCIF. Já, alveg óvart urðum við fyrirmynd Lionsklúbba úti í heimi. Það segir sig sjálft að við félagarnir í Lionsklúbb Grindavíkur erum rígmontnir

yfir þeirri athygli sem velferðarstarf okkar vekur. En um leið erum við ákaflega meyrir og þakklátir því mikla trausti sem velunnarar sýna klúbbnum, án þeirra stuðnings værum við ekki að halda úti svo öflugum velferðarstarfi. Stærsta fjáröflun okkar er Kúttmagakvöldið sem var haldið í 47. sinn þann 10. mars sl. með vöru- og sjávarútvegssýningu. Þar sem 9 fyrirtæki kynntu vörur sínar og þjónustu með aðsókn 300 veislugesta. Kúttmagakvöld er sælkeraveisla þar sem boðið er uppá meira en 30 tegundir sjávarfangs, framreitt af meistarakokkunum Bjarna Óla og Láka í Salthúsinu, sem Gísli Einarsson veislustjóri, kallaði fram og gestir klöppuðu lof í lófa, að borðhaldi loknu. Þá tók við skemmtidagskrá með hinn landsþekktu Ara Eldjárn, sem fór á kostum og síðan fylgdi hvert frábært tónlistaratriðið öðru fremra.

Komdu að plokka!

Jóhanna Thorsteinson
Umhverfisstjóri MD 109



LIONS hreyfingin styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun um allan heim.

Við á Íslandi viljum auðvitað leggja okkar lóð á vogaskálarnar! Lionsfélagar hafa tekið þátt í verkefnum með Bláa hernum við strandhreinsun og líka tekið þátt í Norræna strandhreinsideginum á Snæfellsnesi árið 2017.

Á Facebook er hópur sem kallar sig Plokk á Íslandi. Fylgjendur síðunnar eru stór hópur, eða nærri átta þúsund fylgjendur! Þetta er áhugahópur fólks um hreinsun umhverfis og

nágrennis. Þau tína rusl og plokka og skila því á gámastöðvar Sorpu í stórum glærum plastpokum.

Þann 30. apríl nk. ætlar hópurinn að standa fyrir viðburðinum Stóri plokkgdagurinn og eru allir hvattir til að fara út og tína rusl í nágrenni sínu. Bakhjarl þeirra að þessu sinni er Rotary hreyfingin á Íslandi.

Næsta verkefni Lionsklúbba gæti sem best verið þátttaka í Stóra

plokkdeginum. Nú er um að gera að skella sér í Lionsvestin sín og skipuleggja vettvangsferð klúbbsins okkar í plokka!

Á myndinni má sjá nokkra þekktu Lionsfélaga, m.a.: Halldór Runólfsson þáverandi umhverfisstjóra Lkl. Fjörgyn, Árna B, Eggert Levy Lkl. Fjörgyn, Jóhanna Thorsteinson Lkl. Eir og Þórunn Siemsen Lkl. Eir.

Jóhanna Thorsteinson



Alþjóðapinnar 2023 – 2027

Sigfríð Andradóttir

Vara-fjölumdæmisstj. 2022-2023



Öll þekkjum við alþjóðapinnana okkar. Þeir eru til í alls konar útgáfum og á nokkurra ára fresti (ýmist 4 eða 5) er skipt um þema. Síðustu fjögur ár hefur íslenska þemað verið eldfjöll en nú er komið að því að skipta um þema. Ákveðið var að þemað næstu fimm ár yrði unnið út frá íslenska skjaldarmerkinu. Til verksins var fengin Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir sem hannar undir merkinu IHANNA HOME en það er íslenskt hönnunarfyrtæki sem var stofnað af henni árið 2008, með tilkomu Krumma herðatrés. Á merkinu kemur fram hvaða landvættir er á því, Iceland MD 109 er númerið á fjölumdæminu okkar en það þýðir að Ísland var nr. 109 í röðinni til að gerast fullgilt fjölumdæmi. Einnig kemur fram í hvaða borg alþjóðaþingið er haldið og ártalið. Við hönnunina urðum við að breyta aðeins röðinni á landvættunum fjórum til að merkið kæmi sem best út í okkar útgáfu.



Á mynd nr. 1 (2023) sjáum við landvættina = supporters.



Á mynd nr. 2 (2024) sjáum við drekann = dragon.



Á mynd nr. 3 (2025) sjáum við berggrísann = rock-giant.



Á mynd nr. 5 (2027) sjáum við gamminn = griffin.



Á mynd nr. 4 (2026) sjáum við griðunginn = bull.

Minning †

Hilmar Einarsson – f. 24.11.1940 – l. 10.01.2023



Fallinn er frá mikill Lionshöfðingi, Hilmar Einarsson. Hann fæddist í Reykjavík 24. nóvember 1940 og lést á Landspítalanum Fossvogi 10. janúar 2023. Hann var einn af stofnfélögum Lionsklúbbs Laugardals, annar af tveimur sem hafa verið með frá upphafi. Klúbburinn var stofnaður 13. maí 1972 af 22 Laugdælum. Sl. vor var haldið upp á 50 ára afmæli Lkl. Laugardals og af því tilefni var þeim stofnfélögum sem enn voru starfandi

í klúbbum, Hilmar og Guðmundi Rafnari Valtýssyni veitt heiðursorða Lions fyrir farsælt starf í hálfra öld. Hilmar gekk ungur í klúbbinn, 32 ára. Hann hafði orð á því í grein í Lionsblaðinu fyrir rúmum áratug að hann hafi verið óreyndur í flestu er sneri að félagsmálum. Hann hafi varla getað staðið upp á fundi og kynnt sig, hvað þá haldið ræðu. Eftir því sem árin liðu óx kjarkur hans, ekki síst með þeirri reynslu og þjálfun sem menn öðlast við starf innan Lionshreyfingarinnar. Þar átti hann eftir að setja mark sitt á margvíslegan hátt.

Hilmar var treyst fyrir mörgum hlutverkum innan Lions. Þar verður fyrst að nefna stjórnarsetu hans í Lkl. Laugardals, en þar gegndi hann öllum embættum á einhverjum tímamarki. Hann var formaður klúbbsins fimm sinnum, ritari einu sinni og gjaldkeri sjö sinnum. Þegar hann var ekki í stjórninni var hann betri en enginn til að þjálfa nýja menn til ábyrgðarstarfa. Hann var tíu sinnum formaður í hinum ýmsu

nefndum klúbbsins. Auk alls þessa gegndi hann öðrum trúnaðarstörfum innan Lions á Íslandi, m.a. var hann svæðisstjóri á svæði 4, í umdæmi 109A, í þrígang.

Að öðrum ölostuðum má segja að hann hafi átt einn stærsta hlut í því að bjarga Lkl. Laugardals frá þeim dapurlegu örlögum að fjara út og leggjast af. Í fjölmörg ár þraukaði klúbburinn með um tug féлага en þá tóku ungir menn, blanda af heimamönnum og brottfluttum, sig til og gengu í klúbbinn og allt í einu voru félagar orðnir yfir 20 talsins. Flestir tengdust Hilmarí fjölskyldutengslum. Eins og Hilmar orðaði það í fyrrnefndri grein, voru þetta flestir ungir menn, fæddir og uppaldir í Laugardalnum sem þekktu klúbbastarfið frá sínum heimilum og úr ferðalögum og öðrum skemmtunum á vegum klúbbsins. Lagði hann á það áherslu að það getur borgað sig að gera vel við börnin í nafni Lions, þau muna það og vilja gera eins fyrir sín börn. Nú er klúbburinn orðinn enn stærri. Snjóboltinn sem Hilmar og félagar ýttu af stað hefur stuðlað að þeirri fjölgun sem aðrir klúbbar á landinu taka eftir og e.t.v. öfunda okkur af.


Auk áðurnefndrar heiðursorðu hefur Hilmar Einarsson hlotið Melvin Jones viðurkenningu og verið gerður að Progressive Melvin Jones féлага fyrir farsæl störf og þjónustu fyrir Lions.


Þegar við kveðjum Hilmar nú er ágætt að nefna það sem honum fannst -- að til þess að hjálpa öðrum sem minna mega sín og þurfa á hjálp að halda, þá getur Lions verið rétti vettvangurinn. Þar fá menn andlegan kraft til að standa að góðum málum.

Niels Bjarki Finsen

Apríl – myndasíða

- Bryndís Ragnarsdóttir
- Friðgeir H. Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson
- Sigríður Guðmundsdóttir





Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Magnús Ingjaldsson og Ingvar Viktorsson afhenda Flensborg stjörnuvíkír. Halldór Svavarsson.

Úlfur Atlason ásamt Guðjóni Bjarka Sværissyni 70 ára.



Vorið góða, grænt og hlýtt“ sagði Jónas Hallgrímsson í kvæði sínu Vorvísur. Þegar þú lesandi góður lest þessar línur fer maí að nálgast sem er fimmti mánuður ársins og sá sem hefur stysta nafnið. Maí fær nafn sitt frá rómversku gyðjunni Maiu en hún var gyðja frjósemi. Í maí lifnar allt við, sauðburður hefst, fuglar skriða úr eggjum og gras fer að grænka. Sem strákur í sveitinni minni fannst mér þessi mánuður sá allra skemmtilegasti.

Eins og svo oft áður hafa nokkrir félagar okkar verið á sólarströnd en þrátt fyrir það hefur starfið gengið vel og fundir verið skemmtilegir hjá unga formanninum okkar Úlfi Atlasyni. Við færðum Flensborgarskóla flottan stjörnuvíkír, Sky Watcher að gjöf í desember sem kemur sér vel fyrir nemendur og geta þeir nú skoðað himingeiminn að vild þegar veður leyfir. Við fengum góðan gest í janúar, Símon Jón Jóhannsson sem sagði okkur frá nýrri bók, „Draugasögur á Íslandi“ sem hann var að gefa út, en í bókinni eru 100 draugasögur, kort og myndir af viðkomandi stað

þar sem sagan gerist. Félagi okkar Halldór Svavarsson fyrrum fjölumdámissstjóri las fyrir okkur úr bók sinni „Beggja vegna grafar“ á fundi í febrúar. Í bókinni eru skemmtilegar smásögur úr ýmsum áttum. Á fundi í mars sagði Ingvar Viktorsson formaður MCC, okkur frá bók sinni „Ég verð að segja ykkur“ en Ingvar er góður sagnamaður og minnugur á það skoplega í tilverunni, sem og hið alvarlega. Í bók sinni fer hann á kostum, eins og hans er von og vísa þar sem hann rifjar upp viðburðaríka ævi, eins og segir í formála bókar.

Þorramatur var á borðum í enda þorra og tóku félagar vel til matar. Fyrr á öldum var þorrablót fyrst og fremst haldið á heimilum fólks og fyrir heimilistólkið. Þorrablót eins og við þekkjum þau í dag, sem almennar veislur út í bæ, voru ekki tekin upp fyrr en undir lok 19. aldar. Til eru nokkrar heimildir þess efnis að síðasti dagur þorra, þorraþræll, hafi verið tileinkaður piparsveinum og þeim mönnum sem getið höfðu börn utan hjónabands. Í dag þekkjá þó flestir nafnið þorraþræll sem heiti ljóðsins „Nú er frost á Fróni“ eftir Kristján Jónsson fjallaskáld.

Skemmtun með eldri borgurum var í lok febrúar og voru gestir okkar



Úlfur Atlason, Guðlaug Eygló Valdimarsdóttir og Guðjón Þórir Þorvaldsson.



Fjölmennt var í kaffibóði fyrir aldraða.



Ester Óskarsdóttir, Úlfur Atlason og Jóhannes Örn.



Ellert Eggertsson, Júlíana Guðmundsdóttir, Dagbjört Traustadóttir, Kristín Ína Pálsdóttir og Magnús Aadnegard.



Stefán Íslandi í gervi Elvis Presley ásamt Magnúsi Aadnegard.



Jón Rúnar og Ólafur Pálsson gæða sér á þorramat.



Þorrabakki.

á annað hundraðið, boðið var uppá kaffi og kökur, söng og dansleik. Við það tækifæri var einn af okkar ágætu félögum heiðraður, Guðjón Þórir Þorvaldsson sem starfað hefur í mörg ár með miklum dugnaði fyrir klúbbinn og fjölmundaði, var sæmdur Progressive Melvin Jones demantsviðurkenningu sem er beint framhald af Melvin Jones viðurkenningu og í raun árétting klúbbsins um góð störf félagsins. Konu hans Guðlaugu EyglóValdimarsdóttur var færður fallegur blómvöndur.

Um miðjan mars var Hrafnistu færður Nustep fjölþjálfari og er það í fjórða sinn sem klúbburinn gefur Hrafnistu fjölþjálfara af sömu gerð. Hjúkrunarfræðingar segja að þessi tæki gagnist vistfólki mjög vel og að tækin séu í mikilli notkun. Söluhelgi var hjá klúbbum í byrjun mars og gekk sala á Gaflara okkar bara ágætlega. Styrkir til hinna ýmsu félaga

verða svo úthlutað í apríl/maí. Formaðu hélt ágætt erindi um gervigreind, ChatGPT 4 á síðasta fundi í mars. Guðjón Bjarki varð sjötugur í febrúar og var hann sæmdur Kjaransorðu. Tveir fulltrúar næstu stjórnar fara á Lions þing sem verður á Akureyri í maí. Vorferð um Borgarfjörð verður farin í júníbyrjun og verður þá að venju stjórnarskipti. Í næstu stjórn sem tekur við 1. júlí, verða þeir Magnús Jónsson formaður, Magnús Baldursson ritari og Friðgeir H. Guðmundsson, sem verður áfram gjaldkeri.

Klúbbfélagar senda bestu Lions kveðjur og óskir um gott og ánægjulegt sumar.

Friðgeir H. Guðmundsson, blaðafulltrúi LKH

Minning + Gunnar Aðólf Guttormsson



Gunnar fæddist 3. apríl 1929 í Svínafelli í Hjaltastaðarþinghá á Fljótshéraði. Eftirlifandi eiginkona Gunnars er Svandís Skúladóttir frá Litla-Bakka í Hróarstungu.

Gunnar lauk gagnfræðaprófi frá Eiðaskóla og ípróttakennaraprófi Ípróttakennaraskólanum á Laugarvatni og fékkst við kennslu og þjálfun á því sviði. Var auk þess liðtækur ípróttamaður á yngri árum.

Hann var farkennari og skólastjóri í

Hróarstungu og kenndi síðar við Brúarásskóla.

Þau Gunnar og Svandís ráku fjárbú á Litla-Bakka í áratugi en voru síðustu árin á Egilsstöðum. Gunnar var meðeigandi í verktakafyrirtæki og vann á þess vegum í ýtvönnu og fleiru.

Gunnar hafði mikinn áhuga á veidiskap og fékkst mikið við refa- og hreindýraveiðar. Hann var áhugamaður um söng og söng í mörgum kórum.

Gunnar var mikill félagsmálamaður og sinnti sveitarstjórnarmálum og félagsstörfum alla tíð af krafti. Hann var lengi í hreppsnefnd og sem oddviti í 19 ár og formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi í eitt ár.

Gunnar kvaddi þetta jarðlíf 7. mars sl. að lokinni langri og farsælli ævi. Hann lagði gjörova hönd á margt um sína daga og kom heill heim

úr mörgum svaðilförum. Og einlægán áhuga hafði hann á fólki og lífinu í kringum sig.

Gunnar starfaði í Lionsklúbbsins Múla á Fljótshéraði, frá stofnun hans 1970 og fram til dauðadags, margoft sem formaður. Gunnar hvarf ekki í litleysi þar sem fólk kom saman. Hann gat lifað upp á hvern hóp með skemmtilegum athugasemdum eða líflegum frásögnum af ýmsu sem hafði hent hann á lífsleiðinni eða hann heyrt eða lesið annars staðar. Ekki þurfti hann heldur mikla hvatningu til þess að taka undir söng eða eins og í Lionsklúbbum að byrja á rétta tóninum svo aðrir gætu tekið undir sönginn.

Gunnar var gæddur sérstakri frásagnargleði og hafði næma tilfinningu fyrir íslensku máli. Löng hefð var í Lionsklúbbum Múla að Gunnar færi með „Speki dagsins“, eitthvert hnyttið spakmæli sem hann hafði lagt á sig að læra utan að fyrir fundinn og mikla áherslu lagði hann á að rétt og skilmerkilega væri farið með spekina.

Minnið og glaðværðin voru enn til staðar þó að Gunnar væri orðinn fótíuári síðustu árin enda marga slóðina arkað á sinni löngu ævi og oft um fjöll og firnindi.

Skarð er fyrir skildi við fráfall þessa minnisstæða félaga en löng þjónusta hans fyrir Klúbbinn og á vegum hans er þökkuð.

Samúdarkveðju sendum við klúbbfélagar til syrgjandi eiginkonu, barna og annarra ástvina og biðjum þeim allrar blessunar.

E.h. Lionsklúbbsins Múla
Vigfús Ingvar Ingvarsson

Erlendir Lionsfélagar heimsækja Ísland

How do you like Iceland?

Guðrún Björt Yngvadóttir

MD 109



Lions byggir brýr, tengir saman fólk og lönd? Lionsfélagar upplifa fjölskyldutengsl og þegar þeir ferðast, hika þeir ekki við að leita uppi aðra Lionsfélaga, hvar sem er í heiminum. Oft er það upphafið að áralangri vináttu, sem jafnvel nær til næstu kynslóða. Við Lionsfélagar eigum ótrúlega margt sameiginlegt. Við Íslendingar erum gestrisin og sýnum af stolti land okkar og menningu. Það er alltaf gaman að kynnast nýju fólki.



Sandro Castelana alþjóðastjórnarmaður frá Ítalíu og Anna kona hans áttu góða daga með Sigfríð og Kela í Búðardal.




Allan og Rose frá Ástralíu sem Kiddi og Dagný hittu á alþjóðaþingi, ákváðu að koma til Íslands.

Þau ferðuðust saman um landið og fóru m.a. Gullna hringinn með okkur Jóni Bjarna og Choi sem varð síðar alþjóðaforseti og konu hans Seong-Bok.

Þegar ég var alþjóðaforseti, og auðvelt að hafa upp á netfangið mínu, þá rigndi inn póstum, þar sem „einhver“ var að tilkynna komu sína til Íslands og vildi endilega fá að hitta mig eða klúbbinn minn. Oftar en ekki var ég erlendis á þessum tiltekna tíma. Ég reyndi þá að koma þeim



samband við aðra félaga, á þeim landshluta sem best lá við. Og það klikkaði ekki, allir félagar tóku vel í þessar beiðnir og hittu nýju "vini sína", sýndu þeim ótrúlega gestrisni og vinsemd.



Patti Hill verðandi alþjóðaforseti og Greg frá Kanada sem fóru víða um Norðurland og hittu marga félaga m.a. Hængsfélaga á Akureyri.



Ísland er vinsæll áfangastaðar fyrir ferðamenn og á ekki síður fyrir Lionsfélaga. Algengt er að þeir hafi samband við íslenska Lionsfélaga og reyni að komast á klúbbfundi eða að taka þátt í verkefnum. Það er auka-bónus að bæta Lions-reynslu við aðra upplifun ferðarinnar, svo sem norðurljós eða miðnætursól, Blá Lónið eða Jökulsárlónið.



Sue og Ben frá Nýja Sjálandi, sem sigldu kring um Ísland með skemmtiferðaskipi, stoppuðu í Reykjavík í nokkra daga og gróðursettu tré með Kidda og Dagnýju, ásamt okkur Jóni Bjarna.



Leo Bobby frá Singapore sem kom í heimsókn til mín og Telmu sonardóttur minnar, eftir að hafa notið Norðurljósanna á Suðurlandi.



Brandon Johnson frá Bandaríkjunum, yngsti umdæmisstjóri í heimi, vildi sýna kærastunni sinni að hann gæti bara hringt í "Madam President" og farið með henni út að borða. Eftir það gekk kærastan í Lions.

Allt þetta fólk birtir myndum þrýddur frásagnir með þessari íslensku upplifun. Ísland hefur fengið góða kynningu, svo og Lions á Íslandi.

Vetrarrikið Ísland

Nýverið var hér á ferð 20 manna hópur þýskra Lionsfélaga, sem vildu skoða vetrarrikið Ísland. Þeim varð svo sannarlega að ósk sinni, í febrúar s.l. eins og skyggni, veður og færð getur verið sem víðsjárverðast. Engu að síður fengu þau skemmtilega ferð undir sterkri leiðsögn fararstjórans og Lions-félagans Bjarna Mayer. Hér er hnitmiðuð frásögn af ferðinni á vefsíðu umdæmisins:

Þýskir Lionsfélagar í leit að norðurljósum

„Þetta var stutt og stíft ferðalag, sem styrkti félagsandann og fékk okkur til að hugsa út fyrir boxið,“ segir Christian Keller-Krische umdæmisstjóri í 111-MS, Þýskalandi, sem skipulagði ferð Lionsfélaga til Íslands í febrúar s.l.



Tuttugu félagar upplifðu ferð sem hófst og lauk með ævintýralegum hætti, vegna storma á Norður Atlantshafi við komuna til landsins og vegna tæknivandamála á Frankfurt-flugvelli á heimferðinni.

Á Íslandi var þetta óútreikn-anlega veður með snjókomu og stöðugri rigningu og dýrðlegu sólskini á milli, en þetta kom íslenska fararstjóranum, Lions-félaganum og vini okkar Bjarna Meyer Einarssyni ekki úr jafnvægi.


Ferðast var um Suðurland, byrjað á Þingvöllum, en þar starfaði elsta þing í heimi. Þar eru líka skil Norður-Ameríkuflekans og Evrasíuflekans. Síðan var haldið á jarðhitasvæðið í Haukadal með goshverinn Strokk, og þaðan farið að Gullfossi, frægasta fossi Íslands.

Eftir að við höfðum styrkt okkur á tómattbjör og tómatsúpu í gróðurhúsum í Friðheimum, gátum við dáðst að íslenska hestinum. Þaðan héldum við austur í Vík í Mýrdal, sem er í skugga eldfjallsins Kötlu.

Næsta dag héldum við ferðinni áfram til að sjá stærsta jökul Evrópu, Vatnajökull, Jökulsárlón, með fljótandi ísjaka og seli sem kíktu á okkur upp úr vatninu. Við heimsóttum líka svörtu ströndina við Reynisfjall.

Síðasta daginn skoðuðum við Skógafoss og Seljalandsfoss, Eldfjalla- & jarðskjálftasýningu á Hvolsvelli með gott útsýni til Eyjafjallajökuls, sem lamaði flugumferð Evrópu árið 2010, síðan í Bláa Lóninu og svo enduðum við daginn með borgarferð um Reykjavík. "Að synda saman" stuðlaði að góðum anda félaganna, en það gerðum við á hverju kvöldi í íslenskum „pottum“ og í Bláa lóninu.

Sérstök upplifun var sameiginlegur kvöldverður með fyrrverandi alþjóðaforseta Lions, Guðrúnu Björt Yngvadóttur og hennar manni Jón Bjarna. Guðrún var fyrsta konan sem forseti Lions. Hún sagði okkur frá forsetatíð sinni og einnig frá starfsemi Lions á Íslandi. Toppurinn á ferðinni var að sjá norðurljós um miðja nótt rétt áður en við fórum út á flugvöll.



Lionsklúbburinn Njörður

Ljónin fagna

Það var mikið um dýrðir á Grand Hótelu föstudagskvöldið 24. mars sl. Salurinn, Gulleigur, var upp dekkður með 10 manna hringborðum fyrir stórveislu. Á veggjum héngu stórfengleg listaverk eftir íslenska listamenn í fremstu röð og á sviðinu voru skúlptúrar og 10 ferðatöskur fullar af alls kyns góðgæti í fljótandi og föstu formi. Þegar gestir komu spariklæddir í hús var blómi nælt í barm þeirra. Hvað stóð til?

Jú, þarna safnaði Lionsklúbburinn Njörður fé til að styrkja Grensásdeild Landspítala á fimmtíu ára afmæli deildarinnar með listaverkaupboði, sem klúbburinn hélt í 57. skipti. Töskurnar á sviðinu voru hluti vinninga í veglegu happdrætti kvöldsins. Hagnaði þess verður varið til að styrkja Alzheimer- og Parkinsonsamtökin.

En það stóð fleira til. Boðið var upp á mikla bragðlaukaveislu frá meistarakokki Grand Hótel, Úlfari Finnbjörnssyni. Veislu og uppboði stjórnaði Bragi Valdimar Skúlason, sá orðhagi snillingur, Ari Eldjárn skemmti gestum með uppstandi og Guðrún Árný spilaði á píanó og hreif meira að segja allan salinn með í söngnum. Heiðursgestur kvöldsins var Gylfi Þór Þorsteinsson, aðgerðarstjóri vegna komu flóttafólks. Hann ávarpaði samkomuna og hlaut að máli sínu loknu standandi lófataki allra viðstaddra.

Að dagskrá, uppboði og happdrætti loknu héldu gestir ánægðir út í nóttina. Fjáröflunin hafði tekist sem aldrei fyrr og Lionsmenn sneru því líka ánægðir heim.



Ari Eldjárn uppistandari.



Bragi Valdimar Skúlason.



Glæsilegt svið.



Salurinn upp dekkður og listaverk á veggjum.



Eiginkonur hjálpa körlunum við blómin.




Gylfi Þór Þorsteinsson.



Velkomin á „Herrakvöld Njarðar“ af tjaldi.



Mynd yfir salinn frá Péttri.



Velkomin á „Herrakvöld Njarðar“.



Golfmót Lions 2023 í Andalúsíu



Hópurinn í lionsbolum frá vinstri Jón, Guðmundur, Kristinn og Pétur.



Frá vinstri, Kristinn, Guðmundur, Jón og Pétur.



Jón í miðri sveiflu.



Guðmundur í sveiflu úr karganum.

Hinn 3. og 4. mars s.l. var haldið golfmót á vegum Lionshreyfingarinnar á Fairplay golf and Spa Resort í Andalúsíu á Spáni. Mótið hét því mikla nafni: „2023 Lions Golf, World Cup & European Championship“

Mótið var nú haldið í 9. sinn. Um er að ræða tvö mót í einu, Evrópukeppni einstaklinga og heimsmeistaramót liða. Liðin eru tveggja manna. Þátttakendur voru alls 44. Mótið var vel skipulagt og fór hnökralaust fram.

Nokkrir Íslendingar hafa áður tekið þátt í mótinu áður og árið 2022 varð Kristinn Guðjónsson úr Lionsklúbbnum Víðarri Evrópumeistari einstaklinga.

Að þessu sinni tóku fjórir félagar úr Lionsklúbbnum Víðarri þátt í mótinu. Það voru Kristinn Guðjónsson, Guðmundur S. Guðmundsson, Pétur Már Jónsson og Jón G. Briem. Þeir kepptu bæði sem einstaklingar í Evrópumótinu og sem tveggja manna lið í heimsmeistaramótinu. Kristinn og Guðmundur voru saman í liði og Pétur og Jón saman í liði.

Árangur okkar var með ýmsu mótí, bestur var Kristinn sem varð í 6. sæti í Evrópumótinu. Þrír efstu í því voru Heikki Varonen, Finnlandi, Peter Hasselbach Þýskalandi og Jukka Salo, Finnlandi.

Í liðakeppninni varð Þýska sveitin fyrst og sú finnska í öðru sæti.

En þetta golfmót er ekki aðeins haldið fyrir kylfingana til að kljást hver við annan. Þarna koma saman stjórnendur og keppendur sem mynda tengsl sem voru jákvæð og ánægjuleg. Þeir sem höfðu tekið

þátt í mótinu áður heilsuðust fagnandi og almennt var hinn sanni góði lionsandi áberandi.

Og svo var þetta fjáröflunarmót til að geta veitt styrki til þeirra sem eru þurfandi eða í neyð. Fórnalömb jarðskjálftanna í Tyrklandi urðu fyrir valinu að þessu sinni.

Þáttökugjöld og aðrar tekjur af mótinu gáfu um það bil kr. 2.500.000 Í lokahófinu voru þátttakendur hvattir til að láta fé að hendi rakna til sama verkefnis og það skilaði um það bil kr. 320.000.

Enn fremur hafði verið óskað eftir að þátttakendur hefðu meðferðis einhvern varning sem gæti gagnast þurfandi í Tyrklandi. Íslenski hópurinn hafði þess vegna meðferðis 8 íslenskar ullarhúfur sem verða afhentar Lions í Tyrklandi til ráðstöfunar.

Næsta mót.

Næsta mót verður hið 10. í röðinni og til stendur að gera það veglegra en hin. Ekki er búið að ákveða stað né stund en það verður tilkynnt tímanlega.

Eftir þátttöku mína í mótinu get ég auðveldlega mælt með þátttöku íslenskra Lionsmanna því í framtíðinni.

*Fyrir hönd íslensku sveitarinnar,
Jón G. Briem.*

Lionsklúbburinn Sunna

Lionsklúbburinn Sunna hélt árhátíðarfund þann 16. mars og var það sameiginlegur fundur með Lionsklúbb Dalvíkur. Veitingastaðurinn Norður á Dalvík sá um veitingar kótilettur og með því og djúpssteiktur fiskur og rann þetta vel niður í lionsfólk og fylkifiska.

Við fengum þá Gísla Rúnar og Snævar sem báðir eru búsettir hér á Dalvík til að spila og syngja og halda uppi stuði.

Svo kom liðurinn frá stjórn, inntaka nýrra félaga. Formaðurinn okkar Sunnukvenna, Hólmfríður Jónsdóttir, sagði að þá er þetta það sem allar stjórnir þrjá að gera að taka inn nýja félaga því það er svo hátíðlegt. Við í Lionsklúbbnum Sunnu tókum inn 3 nýjar og öflugar konur, þær Ruth Jakobsdóttir, Sylvía Sigurðardóttir og Sonju Kristínu Guðmundsdóttir.

Með góðri kveðju og með von um að sjá ykkur flest á lionsþingi á Akureyri í maí.

Hólmfríður Guðrún Skúladóttir fregnaritara Lionsklúbbs Sunnu



Ruth Jakobsdóttir, Sylvía Sigurðardóttir og Sonja Kristín Guðmundsdóttir.



Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir starfsárið 2023 – 2024

Eftirfarandi eru í framboði til embætta í fjöllumdæmisráði 2023-2024

Til embættis;

fjöllumdæmisstjóra 2023-2024

vara fjöllumdæmisstjóra 2023-2024

umdæmisstjóra 109 A 2023-2024

vara umdæmisstjóra 109 A 2023-2024

2. vara umdæmisstjóra 109 A 2023-2024

umdæmisstjóra 109 B 2023-2024

GLT stjóra 2023-2024

GMT stjóra 2023-2024

GST stjóra 2023-2024

Þing og protokoll stjóra 2023-2024

Medic Alert stjóra 2023-2024

NSR-AU nefnd 2023-2028

Birt að ósk fjöllumdæmisstjóra

Sigfríð Andradóttir

Geirþrúður F. Bogadóttir

Friðrik H. Guðmundsson

Inga Lóa Steinarsdóttir

Thelma R. Kristinsdóttir

Baldur Ingi Karlsson

Halldór Kristjánsson

Jón Pálmason

Bragi Ragnarsson

Hörður Sigurjónsson

Pór Steinarsson

Porkell Cýrusson

Lkl. Æsu

Lkl. Æsu

Lkl. Fjörgyn

Lkl. Freyja

Lkl. Eden

Lkl. Hængur

Lkl. Ásbjörn

Lkl. Víðarr

Lkl. Mosfellsbæjar

Lkl. Njörður

Lkl. Fjörgyn

Lkl. Víðarr



Framboð til umdæmisstjóra 109B starfsárið 2023-2024 Baldur Ingi Karlsson, Lionsklúbbum Hæng Akureyri

Lionsklúbburinn Hængur á Akureyri býður fram félagá sinn Baldur Inga Karlsson til embættis umdæmisstjóra starfsárið 2023-2024. Baldur gekk í Lionsklúbbum Hæng haustið 2006, hann hefur starfað sem ritari og formaður klúbbsins, þá hefur Baldur starfað í flestum nefndum klúbbsins m.a. verið formaður Hængsmótsnefndar, verkefnanefndar, fræðslunefndar og félaganefndar. Starfsárið 2022-2023 hefur Baldur starfað sem varaumdæmisstjóri. Baldur er með Bsc. gráðu í Viðskiptafræðum frá Háskólanum á Akureyri er einnig löggiltur Málameistari og starfar í dag sem Rekstrarstjóri Slippfélagsins á Akureyri. Baldur er kvæntur Örn Tryggvadóttur, Proskapjálfa og deildarstjóra við Giljaskóla á Akureyri og eiga þau þrjú börn og þrjú barnabörn.



Framboð til umdæmisstjóra 109A starfsárið 2023-2024 Friðrik Hansen Guðmundsson Lionsklúbbum Fjörgyn

Friðrik hefur starfað í Lions klúbbum Fjörgyn frá hausti 1994. Gekk formlega í klúbbum í febrúar 1995. Hann hefur gengt flestum störfum innan klúbbsins m.a. verið ritari og formaður.

Hann hefur talsverða reynslu af trúnaðarstörfum fyrir klúbbum. Hann var formaður Fjörgynjar þegar Fjörgyn og Fold héldu 50 ára afmælisþing Lions á Íslandi vorið 2001. Hann hefur leitt fjölmargar nefndir innan Fjörgynjar gegnum árin m.a. verið þrisvar formaður tónleikanefndar sem er eitt stærsta verkefni klúbbsins.

Friðrik sótti Leiðtogaskóla Lions á sínum tíma. Friðrik hefur einnig umtalsverða reynslu af stjórnun úr atvinnulífinu.

Friðrik Hansen er fæddur 4. desember 1958 á Sólvangi í Hafnarfirði. Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Kópavogi 1978. Lokapróf í byggingaverkfræði 1982 frá Háskóla Íslands. Civilingeniør, M.Sc. í byggingaverkfræði frá Tækniháskóla Danmerkur 1984. Kvæntur Ingibjörgu Rögnu Óladóttur og eiga þau þrjú börn og fjögur barnabörn.

Friðrik hefur unnið við hönnun og stjórnun framkvæmda. Verið sjálfstætt starfandi frá 1991. Stjórnað framkvæmdum fyrir ýmsa verktaka, þar á meðal við gerð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Búsetablokk við Frostafold Grafarvogi, utan- og innahússfrágangur Grafarvogskirkju, byggingu húss Eflingar við Sætún, gerð húsnæðis Íslenskrar Erfðagreiningar í Vatnsmýrinni. Einnig sem staðarstjóri við gerð fjögurra jarðganga, vega og skástagsbrúar í Alta, Finnmark í norður Noregi á árunum 2011-2014.

Um áratuga skeið, frá 1989 til 1999, voru flest verkefni hans á Grænlandi. Stjórnaði framkvæmdum verktaka við gerð stærsta frystihúss Grænlands, GFL, í Nuuk og endurnýjun rækjuvinnslunnar í Illilusat. Hannaði og hafði eftirlit með gerð flugstöðvar í Kulusuk fyrir Grænlandsku Flugmálastjórnina og endurbótum á húsnæði þeirra í Constable Pynt. Vann með ÍAV að tilboðsgerð í sjö flugvelli og tengd verkefni, þ.e. flugstöðvar, vegi og brýr á Grænlandi. Í framhaldi unnið við gerð flugvallar í Aasiaat og brúar yfir Ulkebugten í Sisimut. Vegna þessara starfa hefur Friðrik átt því láni að fagna að hafa heimsótt flesta bæi á Grænlandi. Friðrik hafði einnig framkvæmdastjórn með ýmsum byggingaverkefnum í Kaupmannahöfn.

Friðrik hefur verið þátttakandi í félagsmálum í gegnum tíðina og skrifað greinar í blöð og tímarit. Friðrik var formaður Íbúasamtaka Grafarvogs 1994-1999, einnig formaður Ungmennafélagsins Fjölnis í Grafarvogi 1999-2000. Var um tíma þátttakandi í starfi Sjálfstæðisflokksins. Tók þátt í að stofna félagið Kalak, vínafélag Íslands og Grænlands. Kom einnig að stofnun samtakanna um Betri Byggið í Reykjavík.



Framboð til vara fjölumdæmisstjóra MD 109 starfsárið 2023-2024 Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lionsklúbbnum Æsu, Njarðvík.

Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lionsklúbbnum Æsu, býður sig fram til embættis vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2023-2024.

Geirþrúður Fanney hefur verið Lionsfélagi frá árinu 1990. Hún hefur gegnt flestum embættum innan klúbbsins, m.a. verið formaður og ritari. Geirþrúður Fanney sat í ritnefnd Lionsblaðsins 1993-1995 og starfaði með Orkester Norden stjóra fjölumdæmisins 2000-2001. Hún gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 5, starfsárið 2012-2013, embætti umdæmisritara starfsárið 2013-2014, var kosin 2. vara umdæmisstjóri starfsárið 2016-2017, 1. vara

umdæmisstjóri 2017-2018 og umdæmisstjóri 2018-2019. Starfsárin 2020-2022 gegndi hún embætti GMT stjóra fjölumdæmisins og var 1. júlí 2022 skipuð LCIF fulltrúi umdæmis 109A.

Geirþrúður Fanney er Rangæingur, fædd að Hlíðarbóli í Fljótshlíð árið 1961. Hún er menntaður tónlistarkennari og starfar við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Eiginmaður hennar er Haraldur Árni Haraldsson, tónlistarkennari og skólustjóri. Þau eiga þrjú uppkomin börn og fjögur barnabörn.

Framboð til vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2023-2024 Inga Lóa Steinarsdóttir, Lionsklúbbnum Freyju.

Á félagsfundi 15. febrúar 2023 var samþykkt að styðja Ingu Lóu Steinarsdóttur sitjandi annars vara umdæmisstjóra til framboðs fyrsta varaumdæmisstjóra fyrir komandi starfsár 2023-2024.

Inga Lóa hóf vegferð sína innan Lions sem lionessa í Lionessklúbbi Keflavíkur starfsárið 2015-2016 og lét strax til sín taka og hefur verið í stjórn klúbbsins meira og minna til dagsins í dag. Embætti hennar eru eftirfarandi:


- 2016-2017 formaður
- 2018-2019 gjaldkeri
- 2019-2020 ritari

Þann 1. júlí 2020 breyttist klúbburinn í fullgildan Lionsklúbb er fékk heitið Lionsklúbburinn Freyja. Inga Lóa bara þungan af þeirri breytingu ásamt stjórn sinni. Störf hennar innan Freyjanna er:

- 2020-2021 ritari, netstjóri 109A
- 2022-2023 skýrsluritari Freyjanna, svæðisstjóri á svæði 5 og 2 varaumdæmisstjóri og netstjóri 109A

Fyrir utan ofangreind embættisstörf hefur Inga Lóa verið formaður skemmtinefndar, formaður laganeftndar, tengiliður klúbbsins í hinum ýmsum sameiginlegum verkefnum Suðurnesjaklúbba ásamt því að sitja í framtíðarnefnd 109A frá stofnun hans árið 2018. Hún hefur ávallt verið stjórn klúbbsins innan handar frá því hún kom í klúbbinn og nýtur mikið trausts klúbbfélaga sinna.

Lionsklúbburinn Freyja



Framboð til fjölumdæmisstjóra MD 109 starfsárið 2023-2024 Sigfríð Andradóttir, Lionsklúbbnum Æsu.

Ég undirrituð býð mig fram til að gegna starfi fjölumdæmisstjóra starfsárið 2023-2024.

Ég var stofnfélagi í Lionessklúbbnum Pernunni árið 1991 og einnig stofnfélagi þegar Lionsklúbburinn Pernan var stofnaður 1994 og starfaði þar til ársins 2005. Á þeim tíma gegndi ég flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi. T.d. var ég ein af fjórum Lionsfélögum sem að stjórnðu unglingabúðum árið sem Lkl. Pernan sá um þær ásamt þremur öðrum klúbbum í Snæfellsbæ.

Árið 2005 flutti ég í Dalabyggð og gekk þá í Lionsklúbb Búðardals. Þar gegndi ég starfi ritara, formanns og síðast gjaldkera ásamt því að vera svæðisstjóri fyrir hönd klúbbsins starfsárið 2006-2007.

Ég gegndi stöðu fræðslu- og leiðtogafulltrúa (GLT) í umdæmi 109 B frá árinu 2012-2017. Árið 2013-2014 gegndi ég einnig stöðu umdæmisritara og gjaldkera í umdæmi 109 B. Starfsárið 2016-2017 var ég 2. vara umdæmisstjóri og vara umdæmisstjóri árið eftir.

Starfsárið 2018-2019 var ég umdæmisstjóri í 109B en síðan þá hef ég starfað í fjölumdæmisstjórn, sem GMT-Konur í Lions. Síðustu ár hef ég einnig verið kennari í ritarskólanum og leiðtogaskólanum.

Árið 2021 fluttum við hjónin á höfuðborgarsvæðið og þá ég gekk í Lionsklúbbinn Æsu, í Njarðvík. Það ár tók ég að mér að vera félagafulltrúi (GMT) fyrir umdæmi 109A. Á þessu starfsári 2022-2023 hef ég gegnt stöðu vara fjölumdæmisstjóra.

Ég er gift Þorkeli Cýrussyni, féлага í Lionsklúbbnum Víðarri. Þorkell var áður félagi í Lionsklúbbi Nesþinga frá 1991-2005 og í Lionsklúbbi Búðardals frá 2005-2021. Hann hefur gegnt fjölmörgum embættum innan Lionshreyfingarinnar, var umdæmisstjóri 2013-2014 í umdæmi 109 B og fjölumdæmisstjóri 2021-2022 í MD109, hann starfar nú sem ritstjóri Lionsblaðsins.

Ég hef fengið nokkrar viðurkenningar fyrir störf mín í hreyfingunni (Certificate of Appreciation). Árið 2012 heiðraði Lionsklúbbur Búðardals mig með Melvin Jones viðurkenningu.

Ég hef fengið 2 Leiðtogaorður (Leadership Award) árið 2016 fyrir störf mín í fræðsluteyminu og 2019 fyrir góðan árangur en það starfsár gáfu allir klúbbarnir í umdæminu til LCIF. Í gegnum árin hef ég gefið mánaðarlega til LCIF og þess vegna varð ég Progressive Melvin Jones árið 2020.

Við hjónin eigum 2 börn, Guðríði sem er gift Sævari Skúla Þorleifssyni og eiga þau 2 syni, Ægi Kára og Þorkel Orra. Einnig Sigurð Svein en sambýliskona hans er Kristín Hulda Kristófersdóttir, þau eiga einn son Cýrus Dan.

Sigfríð Andradóttir

Framboð til annars vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2023-2024 Thelma Rós Kristinsdóttir, Lionsklúbbnum Eden Hveragerði.

Á félagafundi þann 1. mars 2023 var samþykkt að styðja Thelmu Rós Kristinsdóttur til embættis annars vara umdæmisstjóra 109 A fyrir starfsárið 2023-2024.

Thelma er stofnfélagi í Lionsklúbbnum Eden og fyrsti formaður hans og hefur gengt embætti formanns alls fjórum sinnum frá stofnun klúbbsins. Auk þess að hafa setið í flestum nefndum klúbbsins síðan hann var stofnaður sem deild árið 2008.

- Formaður 2008, 2009, 2010 og 2014

- Ritari 2022-2023

- GLT fulltrúi í umdæmi 109 A 2022-2023

- Verðandi svæðisstjóri 2023-2024

Að auki hefur hún verið í undirbúningsnefnd fyrir ungmennabúðirnar og situr í framtíðarnefnd umdæmisins. Hún hefur einnig nýlega lokið við Leiðtogsskóla Lions. Thelma hefur alltaf verið virkur félagi og tekið að sér flest þau verk og störf sem krefjast þess hverju sinni og við treystum að verði hún kjörin annar vara umdæmisstjóri 109 A 2023-2024 þá muni hún sinna því eins vel og hún hefur sinnt öðrum störfum innan Lionsklúbbsins Eden.

Virðingarfyllt, fyrir hönd Lionsklúbbsins Eden

Rósa Hulda Sigurðardóttir, formaður

Aðgerðir í félagamálum

Jón Pálmason GMT félagastjóri

Ívetur hefur verið unnið að verkefnum við að stofna klúbb á svæði 7 í LA umdæminu. Auk þess hefur verið unnið við að styrkja Lkl. Keflavíkur.

Margir klúbbar eru í hættu vegna aldurs og lélegrar endurnýjunar. Það hallar líka á í góðum klúbbum sem náðu ekki að starfa mikið á Covid tímanum. Þar hafa félagarnir hætt að mæta. Af 40 manna hópi eru kannski 15 að mæta. Við þurfum að bretta upp ermar mjög víða. Ég legg til eftirfarandi.

Tillaga

Við í félagteyminu setjum upp nefnd sem starfi í fjölumdæminu, með vel starfandi félögum. Markmið nefndarinnar er að vinna að eftirfarandi:

- Stofnun nýrra klúbba
- Endurnýja klúbba með nýjum félögum
- Að hvetja núverandi félag til að taka þátt í starfinu.

Nánari lýsing:

Nýir klúbbar

Skoðaðir verða allir möguleikar á að stofna nýja klúbba. Bæði í þéttbýlinu og eins á landsbyggðinni þar sem eru göt í röðinni.

Skilgreina klúbba og svæði, halda kynningarfundir. Finna gott fólk til að leiða klúbba.

Nýir félagar í núverandi klúbba

Sumir klúbbar hafa ekki endurnýjað sig og eftir sitja eldri félagar sem hafa ekki mátt til að fá inn nýja féлага. Ástæða til að skoða hvort við getum gert eitthvað í því.

Hjálpa klúbbum við að halda kynningarfundir

Hvetja féлага klúbba til að taka þátt

Nokkrar leiðir eru til að fá félagana til að taka meira þátt í starfinu.

- Styrkja hlutverk félaganefndar, með námskeiðum og gögnum sem til eru
- Fara yfir félagahópinn og þeir sem eru hættir að mæta verði sóttir aftur á fundi. Það verði settir félagar í það verkefni að minni þá á að koma á fundi og jafnvel sæki þá sem ekki mæta í nokkurn tíma þar til þeir eru orðnir vanir að koma á fundina aftur.
- Fara yfir verkefni klúbba og skoðað hvort þau séu þau réttu. Klúbbarnir verði aðstoðaðir við að finna ný verkefni. Styrkja hlutverk verkefnanefnda.

Aðgerðaráætlun

Stofna hóp

Stefnum að því að stofna vinnuhóp verkfæra féлага, helst 5 eða 7 manna undir stjórn GMT stjóra.

Setja markmið

Við ætlum að setja okkur markmið til þriggja ára. Í samráði við núverandi og fyrrverandi umdæmisstjóra verði ástand klúbba kortlagt og sóknarfæri metin svæðisbundið.

Gera aðgerðaráætlun

Velja svæði sem helst eru að ná árangri. Gera áætlun um hvar hægt er að stofna klúbba, bæta við félögum og laga starfið í klúbbunum.

Framkvæma aðgerðaráætlun

Framkvæma aðgerðaráætlunina, skoða jafnharðan niðurstöðurnar og breyta aðgerðaráætluninni jafnóðum í þá átt sem bætir árangur starfsins.

Nefndin

Nefndin fundi tvisvar í mánuði, minnst annað hvort skipti í raunheimum og hefji störf í vor þannig að hægt sé að fara í fyrstu aðgerðir strax í haust. Nefndin verði skipuð 3 úr fjölumdæmi og 2 úr hvoru umdæmi.

Nefndin þarf aðkomu eftirfarandi aðila:

- Umdæmisstjóra,
- Félagafulltrúa umdæma
- Verkefnafulltrúa umdæma
- Kynningarfulltrúa
- Svæðisstjóra

